



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Fundargerð 101. aðalfundar Ljósmaðrafélags Íslands sem haldinn var þann 8. október 2020 í fundarsal BHM í Borgartúni 6

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu í tengslum við heimsfaraldur Covid-19 fer aðalfundur LMFÍ að þessu sinni fram með fjarfundarbúnaði. Stjórn LMFÍ er samankomin í húsnæði BHM en aðrir fundargestir taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

1) Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara

Áslaug býður fundargesti velkomna og setur fundinn kl. 16:30 og tilnefni Edythe Mangindin sem fundarstjóra. Fundurinn samþykkir það. Fundarritari er tilnefndur Bergrún Svava Jónsdóttir Fundurinn samþykkir það. Edythe tekur til máls. Hún býður fundargesti velkomna og kynnir dagskrá fundarins. Edythe biður um leyfi til að taka fundinn upp og er það veitt.

2) Skýrsla stjórnar (sjá fundargögn)

Áslaug kynnir skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er samþykkt án athugasemda.

3) Reikningar félagsins lagðir fram til samþykkis (sjá fylgiskjal)

Bryndís Ásta gjaldkeri LMFÍ kynnir reikninga félagsins. Reikningar félagsins samþykktir án athugasemda

4) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt (sjá fylgiskjal)

Bryndís Ásta kynnir fjárhagsáætlun næsta árs. Fjárhagsáætlun samþykkt án athugasemda

5) Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur

Tillaga frá siðanefnd LMFÍ

Lagt er til að siðanefnd LMFÍ sé felld niður í því formi sem nú er. Þegar hins vegar mál koma upp þá skipi stjórn LMFÍ 3 ljósmaður til að taka að sér afgreiðslu þess máls hverju sinni.

Ólöf Ásta tjáir sig um þessa tillögu. Hún telur nauðsynlegt að hafa ákveðinn farveg fyrir mál sem koma upp af þessu tagi og nefni möguleika á að fá utan að komandi aðila til að fara yfir og mögulega miðla málum sem upp koma.

Guðlaug María bendir á að hafin sé vinna innan félagsins þar sem fara á yfir öll lög félagsins og að verði fjallað um þessi mál þar á meðal.

Ólöf Ásta styður tillöguna og eru hún samþykkt af fundargestum.



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)

Stofnað árið 1919

Tillaga frá stjórn LMFÍ

Stjórn LMFÍ leggur til að siðanefnd verði lögð niður.

Í framhald af umræðum um fyrri tillögu er þessi tillaga einnig samþykkt af fundargestum.

Tillaga frá stjórn LMFÍ

Stjórn LMFÍ leggur til að fræðslunefnd verði lögð niður. Verið er að vinna að heildarendurskoðun laga LMFÍ og verður sú vinna væntanlega tilbúin og lögð fram í mars 2021 á næsta aðalfundi.

Áslaug segir frá því að undanfarin ár hafi fræðslunefnd verið óvirk og hefur stjórnin haft veg og vanda af námskeiðshaldi sem og öðrum viðburðum á vegum félagsins. Því leggur stjórnin til að fræðslunefndin verði lögð niður.

Fundargestir samþykkja þessa tillögu

6) Skýrslur nefnda/deilda

Sjá fundargögn

Skýrslur samþykktar án athugasemda

7) Stjórnar- og nefndakosningar

Sjá fundargögn

Ekki kemur til kosninga

8) Önnur mál

Engin önnur mál eru borin upp

Fundi slitið formlega kl. 17:10